

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 26/2018

2019/EES/98/26

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á XVI. viðauka við EES-samninginn (Opinber innkaup)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2365 frá 18. desember 2017 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2364 frá 18. desember 2017 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2367 frá 18. desember 2017 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2366 frá 18. desember 2017 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga ⁽⁴⁾.
- 5) XVI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 2. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB):

„– **32017 R 2365:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2365 frá 18. desember 2017 (Stjútíð. ESB L 337, 19.12.2017, bls. 19).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 4. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB):

„– **32017 R 2364:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2364 frá 18. desember (Stjútíð. ESB L 337, 19.12.2017, bls. 17).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 5c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/ESB):

„– **32017 R 2367:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2367 frá 18. desember (Stjútíð. ESB L 337, 19.12.2017, bls. 22).“

4. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 6f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/EB):

„– **32017 R 2366:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2366 frá 18. desember (Stjútíð. ESB L 337, 19.12.2017, bls. 21).“

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 337, 19.12.2017, bls. 19.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 337, 19.12.2017, bls. 17.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 337, 19.12.2017, bls. 22.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 337, 19.12.2017, bls. 21.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2017/2364, (ESB) 2017/2365 og (ESB) 2017/2366 og reglugerðar (ESB) 2017/2367, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.